

Fundargerð 364. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2014, föstudaginn 28. mars kl. 13:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir, Skúli Þórðarson og Steinþór Pétursson. Í símasambandi voru Guðmundur Kristjánsson og Björn Arnaldsson í forföllum Más Sveinbjörnssonar.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson og ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnarfundir hafnasambandsins 2014 - 1311085HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 363. fundar frá 28. febrúar 2014.

Fundagerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Ársreikningur hafnasambandsins 2013 - 1403001HA

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2013 áritaður af gjaldkera og reikningshaldara og skoðunarmönnum hafnasambandsins, sem leggja til að reikningurinn verði samþykktur. Engar athugasemdir hafa borist frá aðildarhöfnunum.

Ársreikningurinn samþykktur og staðfestur með undirritun stjórnarmanna.

3. Losun og móttaka úrgangs frá skipum - 1401045HA

Lögð fram skýrslan EMSA study on the delivery of shipgenerated waste and cargo residues to port reception facilities in EU ports. Að auki lögð fram skýrslan Reducing ship generated marine litter - recommendations to improve the EU port reception facilities directive.

Til kynningar.

4. Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða losun og móttöku úrgangs frá skipum - 1401045HA

Lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða losun og móttöku úrgangs frá skipum (EES-reglur, innleiðing). Einnig lögð fram drög að umsögn og breytingartillögu.

Starfsmanni falið að lagfæra umsögnina og senda hana sem og breytingartillöguna á nefndarsvið Alþingis.

5. Hafnasambandsþing 2014 - 1312035HA

Lögð fram drög að dagskrá Hafnasambandsþings 2014.

Rætt um drög að dragskrá. Starfsmanni falið að vinna áfram að undirbúningi.

6. Langtímastefna fyrir hafnir landsins - 1211015HA

Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann og starfsmaður hafnasambandsins áttu með fulltrúum Sjávarklasans.

Ákveðið að senda drög af langtímastefnu út á hafnirnar eftir páska og gefa þeim tækifæri á að koma með athugasemdir. Stefnt er á að langtímastefna fyrir hafnir landsins verði tilbúin í júlí.

Fundi var slitið kl. 14:45

Gísli Gíslason

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

Guðný Sverrisdóttir

Skúli Þórðarson

Steinþór Pétursson

Guðmundur Kristjánsson

Björn Arnaldsson

Valur Rafn Halldórsson